

Skóla- og foreldraráðsfundur Þriðjudaginn 13.10.14 frá kl. 8:00-9:00

Mættir: Gunnþór, Helga, Ella og Gerður

Valdís tilkynnti um veikindi, Inga Rut mætti ekki og enginn fulltrúi var fyrir nemendur

1. Gunnþór ræddi starfsáætlun skólans en hún er tilbúin. Enn á eftir að leggja hana fyrir fræðsluvið til samþykktar.
Starfsáætlun er svipað uppbyggð frá ári til árs, þar koma fram helstu verkefni sem fyrirhuguð eru innan hvers skóla á komandi starfsári, sagt frá innra starfi, 4 ára framkvæmdaráætlun er kynnt og fleira.
Hvað varðar fyrirliggjandi framkvæmdir, þá er það á dagskrá að setja 2 milljónir króna í lóðamál, námsver verður málað og þar kemur nýr gólfdukur, nýr gólfdukur í listasmiðju, skipt verður út hliði af gangi niður í starfsmannarými og þar kemur hurð í stað hliðs og kýrauga verður sett á hurð inn á Kötlukot. Þessar framkvæmdir á enn eftir að samþykkja fyrir árið 2015.
2. Skólastefnan er nánast klár og í dag er síðasti skiladagur til að leggja inn breytingar. Enn á eftir að koma fyrir nokkrum myndum og lagfæra uppsetningu. Skólastefnan er lögð til samþykktar hjá fræðsluráði.
3. Skólanámskráin fer fyrir fræðsluráð árlega og er tilbúin fyrir komandi starfsár. Á fundinum komu ekki fram neinar athugasemdir við skólanámskrána en umræða skapaðist í sambandi við útisköpunarsvæði, ábyrgð og útfærslu.
4. Rætt var um merki skólans sem fólk er almennt mjög sátt en enn á eftir að klára hönnun. Merkið er búið til út frá teikningum nemenda og hlutar úr nokkrum myndum settir saman í eitt merki. Gunnþór hefur margsinnis rætt við X (sér um hönnun og útfærslu) en illa hefur gengið að klára verkið.
5. Lítillega rætt um fjárhagsáætlun fyrir næsta skólaár en hún hljóðar upp á X milljónir króna. Síðasta rekstrarár (2014) kostaði alls X milljónir.
Grunnskólabarn á landsvísu kostar um 1,5 milljón á ári.
Komið inn á hagræðingahugmyndir en það er þó nokkuð flóknara að reikna kostnað pr. barn í okkar tilfelli þar sem um samrekstur leik- og grunnskóla er að ræða. Um 4,5 börn eru á hvert stöðugildi í skólanum en oft er talað um 5 börn á hvert stöðugildi í grunnskólum landsins.

Fleira ekki á dagskrá

Fundi slitið kl. 9:00

Fundargerð ritaði Gerður Olofsson